

Húsakönnun

Búðarvöllur (áður Öskjureitur) í miðbæ Húsavíkur

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ
Húsavík 2015



Húsavík 1900.

Vinstra megin má sjá svæðið sem fjallað er um í þessari húsakönnun. Húsin við Árgilið nær sjávarbakkanum eru verslunarhúsnæði Örum og Wulff sem brunnu 1902. Einnig má sjá Gamla Bauk sem nefndur er í þessari samantekt. Hægra megin við verslunarhúsin er Faktorshúsið sem nú stendur við Stóragarð. Til hægri á myndinni er þyrping húsa sem er á þessum tíma nýjar byggingar hins nýstofnaðs Kaupfélags Þingeyinga.

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Unnið að beiðni Skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings - 2015.

Nýjar ljósmyndir og kort: Arnhildur Pálmadóttir. Kort eru byggð á kortagrunni Norðurþings.

Gamlar ljósmyndir og kort eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

Ábyrgðarmaður: Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

© Norðurþing - Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

Efnisyfirlit

1.1	Formáli.....	4
1.2	Um svæðið.....	5
1.3	Söguleg samantekt um svæðið.....	6
1.4	Yfirlit yfir horfin hús og fornleifar.....	8
1.5	Húsverndarkort.....	15
1.6	Húsaskrá - friðuð hús.....	16
1.7	Húsaskrá - Hús byggð fyrir 1925.....	21
1.8	Húsaskrá - Hús sem ekki hafa varðveislugildi.....	34
1.9	Heimildaskrá.....	36

1.1 Formáli

Húsakönnun þessi er hluti af vinnu við gerð deiliskipulags af svæðinu Búðarvellir (áður Öskjureitur í aðalskipulagi). Reiturinn er 1,3 hektarar að stærð og afmarkast af Garðarsbraut í norðri og austri, Árgötu í suðri og Stangarbakka í vestri. Svæðið er mikilvæg tenging norður- og suðurbæjar Húsavíkur og er hluti af miðbæjarsvæðinu en er þó í jaðri þess svæðis sem íbúar og ferðamenn sækja mest. Tilgangur skipulagsins er að efla hlutverk svæðisins sem lifandi miðbæjarsvæði með því að bæta tengingar við Skrúðgarð, Árgil og gönguleiðir um bæinn. Ekki er um tæmandi sögulega úttekt að ræða en farið er yfir sögu svæðisins og þeirra þeirra húsa sem talin eru hafa byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt eða umhverfislegt gildi til að auðveldara sé að átta sig á varðveislugildi þeirra. Atvinnu- og menningarsaga svæðisins nær aftur til 17. aldar eða þegar byggð hófst á Húsavík og eru hún fjölbreytt og athygliverð.

Júlí 2015

Arnildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ.



Kort 1: Búðarvöllur (áður Öskjureitur), afmörkun svæðis - Loftmynd úr kortavefsjá Norðurlþings

1.2 Um svæðið

Staðsetning og sérkenni svæðisins:

Svæðið Búðarvellir (áður kallaður Öskjureitur) er staðsett í miðbæ Húsavíkur. Búðarvallasvæðið tengist skruðgarði bæjarins og í jaðri þess er árgil Búðarár sem áður rann ofanjarðar en er í ræsi síðan árið 1940. Verið er að vinna deiliskipulag fyrir svæði þar sem gert er ráð fyrir þeim möguleika að opna farveg árinna. Meðfram árgilinu er í kringum 100 ára gömul hús, bæði íbúðarhús og hús sem tengjast atvinnu- og menningarsögu bæjarins. Að svæðinu liggur gatan Ásgarðsvegur en gert er ráð fyrir hverfisvernd hennar í aðalskipulagi þar sem hún er talin heildstæð gömul byggð meðfram Búðará. Svæðið er mikilvægur miðpunktur bæjarins sem tengir norður og suðurhluta hans með umferð akandi, gangandi og hjólandi. Einnig tengist svæðið hafnarsvæðinu og skruðgarðinum sem teygir sig upp að Botnsvatni austan bæjarins en í kringum það liggur vinsæl gönguleið sem tengist öðrum stígakerfum á svæðinu. Svæðið hefur ríka sögu verslunar- og þjónustu sem hófst á öndverðri 17. öld þegar öll verslun á Húsavík fór þar fram og var það miðstöð verslunar í Þingeyjarsýslum auk brennisteinshreinsunar og annarar starfsemi tengd iðnaði, sjósókn og þjónustu.

Húsagerð og aldur:

Á svæðinu eru 6 byggingar sem eru 100 ára eða eldri og þar með friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012. Tvær byggingar eru byggðar fyrir árið 1925 og skal því leita álits Minjastofnunar Íslands ef áformað er að breyta, flytja eða rífa þær. Þessi hús hafa þó bæði menningarsögulegt gildi og umhverfislegt gildi sem fulltrúar síns tíma. Annað þeirra er samkomuhús bæjarins sem byggt var 1928 og hefur það skipað stórt hlutverk í samfélaginu frá byggingu þess með tengingu við leiklistar,- tónlistar,- og íþróttastarf í bænum.



Mynd 2.

Búðarárgil árið 1836. Á teikningunni sést kraninn sem auðveldaði mönnum að draga vörur að verslunarhúsunum uppi á bakkanum.

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

1.3 Söguleg samantekt um svæðið

Húsavík hefur verið í byggð frá landnámsöld og um miðja 19. öld fór að byggjast upp þorp í kringum verslun á Húsavík og útgerð. Verslun var frá upphafi staðsett á því svæði sem þessi húsakönnun nær til, Öskjureitnum sem er uppá bakkanum svokallaða en Húsavík er oft skilgreind "fyrir ofan eða fyrir neðan bakkan". Uppskipun var þá úr Búðarargili og af bakkanum neðan úr fjöru. Á korti af Húsavík frá árinu 1747 (Kortasaga Íslands, frá lokum 16. aldar til 1848, eftir Harald Sigurðarson. Mál og menning og Þjóðvinafélagið 1978) sést að höfnin og uppskipun auk verslunarhúsnaðis er staðsett á þessu svæði. Svæðið er afmarkað í suður af Búðarargili en Búðará rann þá í farvegi sínum. Í kringum 1602 hófst uppbygging verslunar og á vesturhluta reitsins voru reist verslunarhús einokunarverslunarinnar, torfbær í fyrstu en síðar timburhús - pakkhús. Ørum & Wulff tók yfir verslun á Húsavík um 1804, seinna Stefán Guðjohnsen og enn síðar Öskjuverslunin. Reiturinn var frá upphafi miðstöð verslunar fyrir alla sýsluna auk þess sem brennisteinninn var þar hreinsaður en á 16. öld varð þingeyski brennisteinninn eftirsótt verslunarvara og var Húsavík útflutningshöfn fyrir hann.¹ Reist var brennisteinsverk af hinum Íslensku Innréttingum með tilheyrandi húsnaði og búnaði árið 1761. Til er áhugaverð lýsing Ole Henckel sem sendur var til að skoða hreinsunina á Húsavík sumarið 1775, hér er ágrip úr lýsingu hans á húsakostum:

*"Að morgni hins 12. september heimsótti ég því brennisteinsverkið, sem stendur á sjávarbakkanum nokkur hundruð skref frá verslunarhúsunum. Húsakostur brennisteinsverksins er þessi: Brennisteinskofi, tvö geymsluhús, annað fyrir óhreinsaðan brennistein en hitt fyrir hreinsaðan brennistein, og íbúðarhús með eldhúsi og nauðsynlegum útihýsum. Öll eru þessi hús úr torfi að íslenskum sið. Brennisteinskofinn er 10 álna langur og 6-7 álna breiður. Í honum miðjum er hlaðinn lítill reykháfur, og sitt hvorum megin við hann eru múrgreyptir járnþottar. Annar þeirra er lítill, svo að hann tekur aðeins eina vætt af bræddum brennisteini, hinn tekur 3 vættir. Litli þotturinn er lítið notaður, af því að það er seinlegra að bræða í honum en hinum, og hann eyðir miklu meira eldsneyti til að bræða jafnmikið brennisteinsmagn."*²

Á tímabili voru danir með háleit markmið varðandi vinnsluna og stungu meðal annars upp á því að lögð yrði járnbraut frá brennisteinsnámunum sem staðsettar voru við Þeystareyki og Kröflu til Húsavíkur. Brennisteinsverkið var rekið fyrir konungsreikning til ársins 1811 þegar Ørum & Wulff tóku það á leigu, en 1804 höfðu þeir tekið við verslun á Húsavík. Náttúruöflin höfðu oft áhrif á siglingar og verslun á Húsavík og má þar nefna sem dæmi veturin 1755-56 sem var afar harður og hafís fram á sumar. Árið 1755 urði líka miklir jarðskjálftar á Húsavík, og þann 11. september það ár hrundu þrettán bæir í og í kringum Húsavík og sjö skemmdust. Á Húsavík hrundi kirkjan og prestsetrið en kaupmannsbúðin gekk til og vörur skemmdust. Ørum & Wulff byggði upp húsnaði á reitnum sem bæði tengdist verslun og sjósókn en árið 1902 varð mikill bruni á svæðinu og eyðilögðust flest húsanna en ný voru reist árin á eftir og standa 4 þeirra enn í dag og er þar rekin verslun og þjónusta. Svæðið var miðpunktur bæjarins fram að aldamótunum 1900 en með auknum umsvifum hins nýstofnaða kaupfélags færðist þungamiðjan verslunar norðar í bæinn þar sem Kaupfélagið byggði upp starfsemi sína.³ Verslun hefur þó haldið sér á reitnum og er samkomuhúsið stór þáttur í því en það hefur eins og áður hefur verið nefnt, verið miðpunktur viðburða í samfélaginu. Öskjureiturinn er mikilvægur fyrir sögu Húsvíkinga á mörgum sviðum.

1 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I 1.-4. kafli

2 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.47

3 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I 5. kafli




Mynd 3.
Verslunarhúsin við Árgil. Myndin er tekin fyrir miðbæjarbrunann 1902 en þá brunnu flest húsanna til grunna.
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 4.
Verslunarhúsin til hægri á myndinni, byggingar nýstofnaðs Kaupfélags Þingeyinga við Naustagil til vinstri.
Myndin er tekin um 1900.
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

1.4 Yfirlit yfir horfin hús og fornleifar á svæðinu sem fundist hafa heimildir um.



Kort 2: Búðarvellir - horfin hús og fornleifar.

1. Verslunarhús.

Húsið er kallað Guðjohnsenshús/Faktorhús/Garðarshólmi. Húsið var íbúðarhús, tvær hæðir, ris og kjallari byggt fyrir verslunarstjóra Örum og Wulfs verslunarinnar. Sami byggingarstjóri byggði Alþingishúsið í Reykjavík, daninn Bald. Í húsinu var einnig rekið gisti- og veitingahús. Húsið slapp frá miðbæjarbrunanum sem varð á svæðinu 1901.⁴ Húsið var í eigu sveitarfélagsins frá 1948 og var þá Gagnfræðaskóli Húsavíkur rekinn í húsinu. Húsið varð aftur íbúðarhús 1960 og var svo flutt í heilu lagi á lóðina Stóragarð 4 árið 1979, gert upp og er íbúðarhús í dag.⁵



Mynd 5.
Garðarshólmi árið 1975 meðan það stóð ennþá við Garðarsbraut.
Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga



Mynd 6.
Garðarshólmi þar sem það stendur nú við Skólagarð.
Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga

2. Pakkhús.

Vesturendi verslunarhússins Öskju sem stendur enn á svæðinu í dag. Það sem kallast Öskjuhús í dag var áður hluti af löngu húsi Guðjohnsens verslunarinnar. Austurhluti byggingarinnar var fluttur á nýjan stað við Garðarsbraut um 1944 en eftir stóð pakkhúsið á upprunalegum stað. Þegar aksturbrúin var gerð yfir Búðarárgil var pakkhúsið sett til hliðar inn á Öskjureit í kringum 1980 svo flutt á Kaldbakshöfða 1989. Húsið var upphaflega byggt af Örum og Wulff.⁶



Myndir 7-8.
Austurhluti verslunarhússins Guðjohnsens, mynd frá árinu 1989 þegar húsið var flutt á Kaldbakshöfða. Myndir: Ljósmyndasafn Pingeyinga

4 Sigurður Pétur Björnson, Húsaskrá, Héraðsskjalasafn Pingeyinga
5 Héraðsskjalasafn Pingeyinga - Húsaskráning
6 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.141



Mynd 9-10.

Austurhluti verslunarhússins Guðjohnsens, mynd frá árinu 1989 þegar húsið var flutt á Kaldbakshöfða. Myndir: Ljósmyndasafn Þingeyinga

3. Verslunar- og þjónustuhús.

Í húsinu var meðal annars rekin skó- og fataverslun, úr- og klukkuviðgerðir, sportvöruverslun, söluturn, veitingastaður, hárgreiðslustofa og myndbandaleiga. Húsið var byggt 1934 og rífið eftir bruna árið 2005.



Mynd 11.

Verslunarhúsið Þingey. Myndin er tekin árið 1974
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 12.

Horft til suðurs - verslunarhúsið til hægri á myndinni og Samkomuhúsið í bakgrunni. Mynd tekin í kringum 1959
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga.

4. Sýslumannshús (síðar Gamli Baukur)

Fyrsta sýslumannshús Húsavíkur. Húsið var timburhús byggt 1843 fyrir Sigfús Skúlason (Schulesen) sýslumann. Var þetta aðsetur sýslumanna þangaði til árið 1874 þegar sýslumannssetrið fluttist að Héðinshöfða⁷. Veitingasala var í húsinu frá 1875 og var húsið þá kallað Vertshús, Baukur og síðar Gamli Baukur til 1904 en þá varð húsið íbúðarhús á ný. Húsið vék fyrir byggingu samkomuhússins 1926 og var flutt í pörtum niður fyrir bakka og efnið notað í geymslur og beituskúra.⁸



Mynd 13.

Gamli Baukur eftir flutning niður á hafnarstétt. Myndin er tekin uppúr 1950. Húsið eyðilagðist í bruna árið 1960. Á hafnarstéttinni stendur í dag veitingahús sem reist var í mynd hins upprunalega hús.

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

5. Útihús.

Húsið er merkt inn á túnakort frá 1919. Heimildir: Túnakort 1919

7 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi 1 bls. 139

8 Björn H. Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson. Saga Húsavíkur III. Bind. Bls. 66-68

6. Íbúðarhúsið Vegamót.

Byggingarár er talið vera 1905. Byggjendur voru hjónin Sigurveig Vigfúsdóttir og Guðni Þorsteinsson. Guðni fékkst við lækningar og var trúhneygður, hann var því stundum uppnefndur Guðni almáttugur og húsið kallað Himnaríki. Húsið var lengst af fjölbýlishús.⁹ Húsið var brennt og rífið árið 1993.



Mynd 14.
Vegamót - ártal óþekkt
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 15.
Vegamót mynd tekin árið 1971
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

7. Verbúð.

Verbúðin stóð sunnan Árgils.

⁹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi 1 bls. 135

8. Smíðahús/Geymsluhús.

byggt 1928. Var áður afgreiðsla bifreiðastöðvar Húsavíkur og stóð þá skammt austan við kirkjuna. Húsið var rífið, ekki er staðfest hvenær það var.¹⁰



Mynd 16

Smíðahús en þar voru smíðaðar trillur og prammar en húsið var í eigu Jóhann Sigvaldason smiðs sem byggði húsið Bakka við hliðina sem enn stendur. Myndin er tekin árið 1974.

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

9. Spennistöð í Búðarargili.

Staðsett beint neðan við Snæland. Hún var byggð af Rafveitu Húsavíkur. Í dag er rafstöð staðsett undir ökuþrú yfir Árgil.

10. Heimild um myllu.

Vatnsmylla byggð af Kaupfélagi Þingeyinga og Eirík Þ. Eiríkssyni prests. Kornmylla en vatn var tekið úr Búðará og lækjum ofan úr fjalli og leitt í opnum skurði sem nefndur var Eiríkslækur, niður í þorpið. Til þess var notað fallið fram af sjávarbakkanum.¹¹

11. Verslunarhús og mannvirki þeim tengd.

Ýmis verslunarhús, pakkhús og mannvirki sem tilheyrðu verslun, iðnaði og brennisteinshreinsun voru á svæðinu. Þar á meðal mannvirki vegna krana við vöruskemmur, kofi til brennisteinshreinsunar og verslunarhúsnæði byggt af einokunarkaupmönnum, einhver þeirra voru úr torfi og lítið til af heimilidum um þau. Einhver húsanna brunnu í miðbæjarbrunanum 1902 en önnur voru rifin eða flutt í burtu.

10 Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.143

11 Elín Ósk Hreiðarsdóttir Fornleifaskráning á Húsavík 2002 bls 30-58



Mynd 17.

Verslunarhús Ørum & Wulffs til vinstri, þá Vertshúsið (Baukur) og til hægri sér í sláturhúsið sem byggt var 1912. Fremst eru teinar sem notaðir voru til að flytja vörur frá bryggju að verslunarhúsum. Myndin tekin 1915.

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga




Mynd 18.

Fiskþvottur á Húsavík um 1900. Þar sem nú stendur Askja. Skúrin fyrir miðju er brauðsöluskúr Páls Jónssonar bakara. Á bak við hann stendur lifrabræðsluskúr. Fjós lengst til vinstri og hesthús lengst til hægri. Brauðsöluskúrin stendur nú árið 2015 við golfvöllinn á Húsavík og er notaður sem geymsla

Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

1.5 Húsverndarkort



Kort 3: Húsverndarkort



Friðuð hús - eldri en 100 ára. Á við um eftirfarandi hús:

- | | | |
|-----|----------------------------------|-----------------------|
| 1. | Garðarsbraut 18 (Askja) | Verslun og íbúðarhús |
| 4. | Árgata 6 (Gilsbakki) | Íbúðarhús |
| 5. | Árgata 8 (Hlaðir) | Íbúðarhús |
| 6. | Árgata 12 (Snæland) | Þjónusta og íbúðarhús |
| 8. | Garðarsbraut 20b | Þjónusta |
| 9. | Garðarsbraut 18a (austari hluti) | Verslun og þjónusta |
| 10. | Garðarsbraut 18a (vestari hluti) | Verslun og þjónusta |



Hús byggð fyrir 1925 og hús sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Á við um eftirfarandi hús:

- | | | |
|----|------------------------------|--------------------------|
| 2. | Garðarsbraut 22 | Samkomuhús |
| 7. | Árgata 14 (Bakki/Jóhannshús) | Samkomuhús/félagsaðstaða |

1.6 Húsaskrá - friðuð hús

Friðuð hús - eldri en 100 ára. Auðkennd með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 3 - bls. 13)

Verslunarhús Ørum & Wulff/Guðjohnsens/Askja Garðarsbraut 18



Byggingarár: 1903
Fyrsti eigandi: Ørum og Wulff verslunarfélag
Hönnuður: Óþekktur, Bald byggingarmeistari var byggingarstjóri framkvæmdanna.
Aðal byggingarefni: Timbur

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið er af dansk-íslenskri pakkhúsagerð sem voru einkennandi fyrir svæðið þegar það var helsti verslunarstaður í þingeyjarsýslum. Húsinu hefur verið breytt mikið síðustu ár.

Byggt sem sölubúð Ørum & Wulff 1902. Var upphaflega löng bygging sem var bútuð í tvennt, núverandi bygging er austurhluti þess húss en það var flutt af upphaflegum grunni á núverandi stað árið 1944. Vesturhluti hússins var flutt að svæðinu Kaldbak sunnan við bæinn árið 1989 (sjá fyrri umfjöllun).¹

Menningarsögulegt gildi:

Húsið er mikilvægur hluti af ríkri verslunarsögu Húsavíkur. Byggt sem sölubúð Ørum og Wulff verslunarfélags en þar á eftir selt verslun S.T Guðjohnsens þangað til 1962 þegar verslunarfyrirtækið Askja tók til starfa. Hefur tekið miklum breytingum í áranna rás, en þar hefur alltaf verið verslun á neðri hæð. Nú er þar verslunar- og skrifstofuhús með íbúð á efri hæð.²

Umhverfisgildi:

Húsið er ásamt samkomuhúsinu mikilvægt fyrir götumynd Garðarsbrautar. Einnig er húsið hluti af einskonar hliði inn í miðbæinn þar sem það stendur við gatnamót aðalgötu bæjarins ásamt Bjarnahúsi og gömlu skóbúðinni sem eru friðaðar byggingar ásamt Húsavíkurkirkju sem er þar við hliðina. Húsið er einnig eitt af fáum sem stendur eftir af verslunarhúsum þeim sem voru á svæðinu þegar það var miðja verslunar í þingeyjarsýslum.

Verndunargildi:

Húsið er byggt árið 1903 og er því friðað vegna aldurs. Einnig er húsið af dans-íslenskri pakkhúsagerð og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík. Staðsetning þess hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það menningarsögulegt-, byggingarlistarlegt-, og umhverfisgildi.

¹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.141

² H. Bl. Íslendingur 27.1. 1966



Mynd 19.
 Verslunarhúsið til vinstri og Guðjohnsenshús/Faktorhús/Garðarshólmi til hægri áður en það var flutt á Stóragarði árið 1979
 Ekki er ljóst hvenær myndin er tekin en líklega á fyrri hluta 20. aldar.
 Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 20.
 Verslunarfyrirtækið Askja var rekið í húsinu frá 1962. Myndin er tekin árið 1974
 Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Garðarsbraut 22b



Byggingarár:	1903
Fyrsti eigandi:	Ørum & Wulff verslunarfélag
Hönnuður:	Óþekkt
Aðal byggingarefni:	Timburhús á steiptum grunni



Mynd 21.
Mynd af húsinu tekin um 1990-1995
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið er af einfaldri dansk-íslenskri pakkhúsagerð sem voru einkennandi fyrir svæðið þegar það var helsti verslunarstaður í Þingeyjarsýslum. Í húsinu er upprunalegur og nokkuð heillegur hlaðinn skorsteinn

Menningarsögulegt gildi:

Húsið er mikilvægur hluti af ríkri verslunarsögu Húsavíkur. Byggt sem verkstæðishús fyrir Ørum og Wulff verslunarfélag en var síðar íbúðarhús og er nú aðstaða fyrir þjónustu og verkstæði.¹

¹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.141

Umhverfisgildi:

Húsið er eitt af fáum sem stendur eftir af verslunarhúsum þeim sem voru á svæðinu þegar það var miðja verslunar í þingeyjarsýslum. Einnig stendur húsið á bökkum Árgils og setur svip á það svæði ásamt byggingum sem standa vestar á svæðinu.

Verndunargildi:

Húsið er byggt árið 1903 og er því friðað vegna aldurs. Einnig er húsið af dans-íslenskri pakkhúsagerð og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík. Staðsetning þess hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það menningarsögulegt-, byggingarlistarlegt-, og umhverfisgildi.

Gilsbakki Árgata 6



Byggingarár:	1902
Fyrsti eigandi:	Sigurlaug Jónsdóttir og Árni Sigurðsson póstur og kaupmaður.
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Timbur



Mynd 22.
Mynd er tekin var af húsinu 1992
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið var upphaflega dæmi um einfalda alþýðubyggingu. Húsinu hefur þó verið breytt mikið á síðustu árum. Bílskúr við húsið er nýlegur.

Umhverfisgildi:

Húsið er fallega staðsett sunnan við Árgil og mikilvægt fyrir götummynd Árgötu

Verndunargildi:

Húsið er byggt árið 1902 og er því friðað vegna aldurs. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring. Einnig er húsið dæmi um íslenskan alþýðustíl og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það umhverfisgildi.

Hlaðir/Marahús Árgata 8



Byggingarár: 1904
Fyrsti eigandi: Helga Þorgrímsdóttir og Maríus Benediktsson
Hönnuður: Óþekktur
Aðal byggingarefni: Timburhús með kjallara



Mynd 23.
Mynd tekin 1992
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið var upphaflega dæmi um einfalda alþýðubyggingu. Húsinu hefur þó verið breytt mikið á síðustu árum.

Umhverfisgildi:

Húsið er fallega staðsett sunnan við Árgil og mikilvægt fyrir götumynd Árgötu

Verndunargildi:

Húsið er byggt árið 1904 og er því friðað vegna aldurs. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring. Einnig er húsið dæmi um íslenskan alþýðustíl og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það umhverfisgildi.

Snæland
Árgata 12



Byggingarár:	1904
Fyrsti eigandi:	Kristjana Þórðardóttir og Benedikt Sigurgeirsson Snædal
Hönnuður:	Óþekkt
Aðal byggingarefni:	Timbur



Mynd 24.
Mynd tekin 1974
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið er reisulegt tveggja hæða timburhús auk kjallara af dansk-íslenskri gerð.

Menningarsögulegt gildi:

Húsbyggjandi nýtti húsið til fjölmennisleigu og voru herbergi þar stundum nýtt til að leysa samfélagslegan húsnæðisvanda í samráði við sveitarstjórnina. Ekkert hús á Húsavík hefur samtals

jafn fjölmenna íbúaskrá frá 1904-1960. Samkomurými var á 1. hæð sem var mikið notað.¹ Ýmis starfsemi hefur verið á 1. hæðinni til dæmis blaðaútgafa en vikublaðið Víkurblaðið var með skrifstofur þar. Enn þann dag í dag er efri hæð hússins íbúð en neðri hæðin félagsaðstaða geðfatlaðra í eigu sveitarfélagsins.

Umhverfisgildi:

Húsið er fallega staðsett sunnan við Árgil og mikilvægt fyrir götummynd Mararbrautar

Verndargildi:

Húsið er byggt árið 1904 og er því friðað vegna aldurs. Húsið hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring og saga þess hefur menningarsögulegt gildi. Einnig er húsið dæmi um timburhús í dansk-íslenskum stíl en fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík og er þetta sérstaklega reisulegt.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það menningarsögulegt-, byggingarlistarlegt-, og umhverfisgildi.

¹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.144

Garðarsbraut 18a (austari hluti)



Byggingarár:	Óþekkt (Líklega 1900-1903)
Fyrsti eigandi:	Ørum & Wulff verslunarfélag
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Timbur

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið er upphaflega af einfaldri dansk-íslenskri pakkhúsagerð sem voru einkennandi fyrir svæðið þegar það var helsti verslunarstaður í þingeyjarsýslum.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið er mikilvægur hluti af ríkri verslunarsögu Húsavíkur. Byggt sem sláturhús fyrir Ørum og Wulff verslunarfélag og tilheyrði seinna verslun St. Guðjohnsen. Síðar var í húsinu mjölgeymsla en í dag er þar aðstaða fyrir þjónustu og verkstæði.¹

Umhverfisgildi:

Húsið er eitt af fáum sem stendur eftir af verslunarhúsum þeim sem voru á svæðinu þegar það var miðja verslun í þingeyjarsýslum. Einnig stendur húsið á bökkum Árgils og setur svip á það svæði ásamt byggingum sem standa báðum megin við það.

Verndunargildi:


Áætla má að húsið sé byggt á svipuðum tíma og húsinu í kringum það sem byggð voru eftir miðbæjarbrunann 1901 og því friðað vegna aldurs. Einnig var húsið upphaflega af af dansk-íslenskri pakkhúsagerð og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík. Staðsetning þess hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það menningarsögulegt-, byggingarlistarlegt-, og umhverfisgildi.

¹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.141

Garðarsbraut 18a (vestari hluti)



Byggingarár:	1903 (Líklega)
Fyrsti eigandi:	Ørum & Wulff verslunarfélag
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Timbur

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið var áður hluti af stærra húsi og var upphaflega af dansk-íslenskri pakkhúsagerð sem voru einkennandi fyrir svæðið þegar það var helsti verslunarstaður í þingeyjarsýslum. Húsinu hefur verið breytt mikið síðustu ár.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið er mikilvægur hluti af ríkri verslunarsögu Húsavíkur. Í húsið hefur hýst ýmskonar starfsemi eins og: Kolahús, salthús, fiskþvottahús Ørum & Wulff, verslun St Guðjohnsen, Trésmiðjan Fjalar, Geymsluhúsnæði verslunarinnar Öskju,¹ Víkurbarðinn hjólbarðaverkstæði og nú síðast raftækjaverslun og verkstæði.

Umhverfisgildi:

Húsið stendur á bökkum Árgils og setur svip á það svæði ásamt byggingum sem standa báðum megin við það. Einnig er húsið hluti af einskonar hliði inn í miðbæinn þar sem það stendur við gatnamót aðalgötu bæjarins ásamt Öskju, Bjarnahúsi og gömlu skóbúðinni sem eru friðaðar byggingar ásamt Húsavíkurkirkju sem er þar við hliðina. Húsið er einnig eitt af fáum sem stendur eftir af verslunarhúsum þeim sem voru á svæðinu þegar það var miðja verslunar í þingeyjarsýslum.

Verndunargildi:

Húsið er byggt árið 1903 og er því friðað vegna aldurs. Einnig er húsið af dans-íslenskri pakkhúsagerð og fá hús af þessari gerð eftir á Húsavík. Staðsetning þess hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað vegna aldurs en einnig hefur það menningarsögulegt-, byggingarlistarlegt-, og umhverfisgildi.

¹ Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls.141



Mynd 25.

Verslunarhús Ørum & Wulffs. Lægri viðbyggingin hægra megin var seinna rifin. Hægra megin á myndinn sést í verslunarhús Guðjohnsens sem stendur þar enn í dag. Ekki er ljóst hvenær myndin er tekin en líklega á fyrri hluta 20. aldar.

Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga



Mynd 26.

Annað sjónarhorn á húsin. Lága viðbyggingin sem nú hefur verið rifin er lengst til vinsti. Hægra megin á myndinn sést í verslunarhús Guðjohnsens sem stendur þar enn en er töluvert breytt. Lengst til hægri við hlið dökkar timburbyggingar sést í stafrn pakkhúss sem er horfið í dag. Myndin er tekin milli 1990-1995.

Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga

1.7 Húsaskrá - Hús byggð fyrir 1925

Vegna húsa sem byggð eru fyrir 1925 er samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012 skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef fyrirhugað er að breyta þeim, flytja þau eða rífa. Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda og í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum. Húsin eru auðkennd með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 3 - bls. 9)

Bakki/Jóhannshús/Lions hús

Árgata 14



Byggingarár:	1920
Fyrsti eigandi:	Bræðurnir Jóhann Sigvaldason smiður og Davíð Sigvaldason
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Timburhús

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið var upphaflega dæmi um einfalda alþýðubyggingu.

Menningarsögulegt gildi:

Í húsinu rak Jóhann sem var bátasmiður verkstæði þangað til hann byggði sér smíðahús við hliðina sem nú er horfið.¹

Umhverfisgildi:

Húsið stendur við Mararbraut og Árgötu og setur svip á þá götummynd ásamt byggingum sem standa nálægt.

Verndunargildi:

Húsið er dæmi um íslenskan alþýðustíl og fá hús af þessari gerð eru eftir á Húsavík.

Niðurstaða varðveislumats:

Stungið er uppá að húsið njóti hverfisverndar í deiliskipulagi vegna byggingarlistar og umhverfisgildis.



Mynd 30.
Bakki/Jóhannshús árið 1974 bakvið sést glitta í Vetrarbraut sem er horfin í dag.
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 31.
Bakki/Jóhannshús árið 1971
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Samkomuhúsið Garðarsbraut 22



Byggingarár:	1928 (fullklárað 1932)
Fyrsti eigandi:	Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum og Húsavíkurhreppur
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Steinsteypa

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið er reisulegt og fallegt steinsteyppt hús með nýklassískum áhrifum.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið er byggt sem samkomuhús og tengist bæði skóla-, menningar- og íþróttasögu Húsavíkur. Íþróttæfingar barnaskólans voru þar frá upphafi auk skemmtana íþróttafélagsins Völsungs. Kvikmyndasýningar hófust í húsinu árið 1930 og hafa verið af og til síðan. Leikfélag Húsavíkur hefur líka haft starfsemi í húsinu frá upphafi en áður hafði það aðstöðu í verslunarhúsum Ørum & Wulff en forveri Leikfélagsins, Sjónleikafélag Húsavíkur missti öll sín áhöld, tjöld og búninga í miðbæjarbrunnum 1902 þegar mörg af verslunarhúsumunum brunnu til grunna.

Umhverfisgildi:

Húsið er ásamt Öskjuhúsinu mikilvægt fyrir götumynd Garðarsbrautar. Húsið myndar hlið með læknisbústaðnum sem stendur hinum megin við götuna og er einnig undir nýklassískum áhrifum.

Verndunargildi:

Húsið er reisulegur fulltrúi steinsteypu nýklassíkur sem eru fá á Húsavík auk þess sem staðsetning þess hefur mikið gildi fyrir umhverfið í kring.

Niðurstaða varðveislumats:

Stungið er uppá að húsið njóti hverfisverndar í deiliskipulagi vegna menningarsögulegs gildis, byggingarlistar og umhverfisgildis.



Mynd 32.
Myndin tekin 1928
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga



Mynd 33.
Myndin tekin 1940-1949. Kaupfélag Þingeyinga - aðalfundur í Samkomuhúsinu.
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

1.8 Húsaskrá

Hús sem ekki eru talin hafa varðveislugildi

Garðarsbraut 22b



Byggingarár:	1967
Fyrsti eigandi:	Valdimar H. Hallstað og Sigurður Sigurðarson
Hönnuður:	Óþekktur
Aðal byggingarefni:	Timbur

Upphaflega byggt sem tvískipt atvinnuhúsnæði fyrir bókaverslun Valdimars (austurhluti) og skósmíðaverkstæði Sigurðar (vesturhluti).

1.9. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Sigurjón Jóhannesson - *Gatan mín og gengin slóð - Ásgarðsvegur* - 1. útgáfa.
Útgefandi: Skarpur útgáfufélag ehf. - Húsavík 2010

Karl Kristjánsson: *Saga Húsavíkur I. bindi*.
Útgefandi: Húsavíkurkaupstaður - Reykjavík 1981

Björn H. Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson. *Saga Húsavíkur III. Bindi*.
Útgefandi: Húsavíkurkaupstaður - Reykjavík 1999

Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson: *Saga Húsavíkur II. og IV. Bindi*
Útgefandi Húsavíkurkaupsstaður 1998 - Akureyri 1998

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*
Útgefandi: Húsafriðunarnefnd - Reykjavík 1998

Grein í tímaritinu Tíminn 1950 - *Leikfélag Húsavíkur minnst 20 ára starfsemi*. Tíminn 83. blað 16. apríl

Óprentaðar heimildir:

Eignaskrá - Sýslumaðurinn á Húsavík

Vefsíður:

Vefur Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/husakannanir-vegna-skipulagsvinnu/> (02.06.2015)

Vefur Norðurþings: <http://www.nordurthing.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/skipulagsmal> (02.06.2015)

Nýjar ljósmyndir: Arnhildur Pálmadóttir - 2015

